



Leiðarþing 2015

Hlíðarbæ Hörgársveit laugardaginn 7. nóvember kl. 11-15:30

Er ný Sóknaráætlun Norðurlands eystra tækfæri fyrir sókn í menningarmálum?

Er Norðurland eystra leiðandi í menningu, listum og skapandi greinum?
Vilt þú taka þátt í skapandi verkefnum á Norðurlandi eystra?

Dagskrá

Sókn til framtíðar

Logi Már Einarsson formaður Eyþings

Eyþing, heimurinn og Ísland

Dr. Ágúst Einarsson prófessor emeritus við Háskólann á Bifröst.

Matarhlé

Menningartengt fræðastarf á Norðurlandi eystra: möguleikar og framtíðardraumar

Ásta Kristín Benediktsdóttir íslenskufræðingur og doktorsnemi í bókmenntum

Þar sem allt getur gerst, ef við viljum

Hlynur Hallsson safnstjóri Listasafnsins á Akureyri

Hraðstefnumót hugmynda og vinnustofa

Stjórnandi: Sif Jóhannesdóttir

Þinglok áætluð kl. 15.30.

Þingstjóri: Arnór Benónýsson formaður Menningarráðs Eyþings

Leiðarþingið er þátttakendum að kostnaðarlausu en skráning fer fram á heimasíðu Menningarráðs Eyþings www.eything.is/menningarrad
Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir menningarfulltrúi Eyþings sími 464 9935 eða á netfanginu menning@eything.is



Messa Einarstöðum

Almenn guðspjónusta verður á Einarstöðum
næstkomandi sunnudag klukkan 11:00.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



Messa Grenjaðarstað

Almenn guðspjónusta verður á Grenjaðarstað
næstkomandi sunnudag klukkan 14:00.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



BJARMABALL

Verður 14 nóv kl. 22:00 á Illugastöðum

Hættið að vera í filu og takið kvöldið frá .

nefndin

LAUFABRAUÐ - LAUFABRAUÐ - LAUFABRAUÐ

Verð með ósteikt laufabrauð til sölu á 80 kr. stk.
Veislutertur við öll tækifæri færðu einnig hjá okkur.
Tek við pöntunum í síma 8980463 eða á netfangið
granastadir@magnavik.is
eða í skilaboðum á facebook síðunni Granastaðir ehf.
Svana, Granastöðum



Þingeyjarsveit

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 18. júní og 29. október 2015 að auglýsa eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi og tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 Tillögurnar eru auglýstar skv. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag í Vaglaskógi Stórarjóður og Hróarsstaðanes ásamt svæði umhverfis núverandi verslun

Vaglaskógur er í eigu Skógræktar ríkisins en deiliskipulagstillagan nær aðeins yfir hluta skógarins, þ.e. Stórarjóður og Hróarsstaðanes ásamt svæði umhverfis núverandi verslun í Vaglaskógi og felur m.a. í sér að skilgreina fyrirkomulag tjaldsvæða, snyrtinga, göngustíga, áningarstaða, leiksvæða og bílastæða ásamt því að staðsetja nýja þjónustubyggingu á svæðinu.

Deiliskipulag frístunda- og þjónustusvæðis á Illugastöðum í Fnjóskadal

Í landi Illugastaða í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit er orlofsbyggð með 31 frístundahúsi, þjónustumiðstöð með íbúð fyrir umsjónarmann fasteigna, kirkja og skemma. Jörðin er í eigu Alþýðusambands Norðurlands. Deiliskipulagstillagan nær til stækkunar á núverandi svæði sem skilgreint er sem **F-25** í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Í tillögunni er gert ráð fyrir rúmlega 30 nýjum frístundahúsum til viðbótar við þau þau sem fyrir eru auk leiksvæða og göngustíga og tjaldsvæða með þjónustuhúsum og aðstöðu fyrir húsbíla. Tillagan nær einnig til skilmála vegna stækkunar á núverandi þjónustubyggingum.

Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.

Samhliða ofangreindri deiliskipulagstillögu er auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Breytingin er gerð til samræmis við auglýsta deiliskipulagstillögu og nær til stækkunar á frístundabyggð **F-25** í landi Illugastaða í Fnjóskadal úr 19,7 ha í 38 ha.

Tillöguuppdrættir með greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar, frá og með föstudeginum 6. nóvember 2015 með athugasemdarfresti til og með föstudeginum 18. desember 2015. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://www.thingeyjarsveit.is>, skipulagsauglýsingar. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 18. desember 2015. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykkir.

Bjarni Reykjalin,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar.



Viðtalstími sveitarstjórnarfulltrúa

Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, sveitarstjórnarfulltrúar, verða til viðtals í Stórutjarnaskóla
fimmtudaginn 12. nóvember n.k. frá kl. 20:00-21:30

Sveitarstjóri



Handverkskonur Fnjóskadal

Hittumst hjá Lellu á Veturliðastöðum
fimmtudagskvöldið 12. Nóv. Kl. 20:30

Hópstýra



„Fótsnyrting“

Kvenfélag Ljósvetninga býður íbúum, 67 ára og eldri á félagssvæði kvenfélags Ljósvetninga upp á fría fótsnyrtingu í Stórutjarnaskóla föstudaginn 13. nóvember nk.

Tímabantanir berist
fyrir miðvikudaginn 11. nóvember til:
Tollu, s: 464-3356 / 895-3356

Hlaupastelpan

**Kemur út á fimmtudögum.
Efni skal skila inn fyrir kl. 15:00 á þriðjudögum**

**Bjóðum upp á : Hálsíðu kr 2900
Heilsíðu kr. 3990**

hlaupastelpan@isl.is/s: 8953386



MENNINGARMIÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

Fræðari með meiru

Menningarmiðstöð Þingeyinga auglýsir 60% starf við stofnunina. Meginviðfangsefni starfsmanns verða safnkennsla, viðburðastjórnun og markaðssetning.

Vinnutími er milli 12 og 16 virka daga. Þar fyrir utan eru fjórir tímar sem verða ákveðnir í samráði við starfsmann.

Ákjósanlegir hæfnisþættir:

- Kennsluréttindi og/eða reynsla af kennslu
- Reynsla af safnastarfi
- Sagnfræði, þjóðfræði, safnafræði eða annað háskólanám sem nýtist í starfi
- Góð þekking á tölvum og reynsla af notkun samfélagsmiðla
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í tali og ritun
- Góð samskiptahæfni og jákvæðni

Viðkomandi verður að hafa áhuga á safnastarfi, vera ófeimin/n og hafa gaman af samskiptum.

Meginstarfstöð viðkomandi er í Safnahúsinu á Húsavík. Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Laun greiðast eftir kjarasamningum samninganefndar sveitarfélaganna og Framsýnar.

Ferilskrá með kynningarbréfi þar sem gerð er góð grein fyrir hæfni viðkomandi sendist á safnahus@husmus.is. Sif Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Menningarmiðstöðvarinnar svarar fyrirspurnum í sama netfangi eða í síma 464 1860

Sveitarstjórn samþykkir hér með að taka yfirdráttarlán hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga allt að 50.000.000 kr. í samræmi við þá skilmála sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar yfirdráttarláninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er yfirdráttarlánið tekið til að sveiflujafna útgreiðslur sveitarfélagsins. Jafnframt er sveitarstjóra, Dagbjörtu Jónsdóttur k.t. 250168-5359, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Þingeyjarsveitar að undirrita yfirdráttarlánasamninginn við Sparisjóð Suður-Þingeyinga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántöku þessari.

Til kynningar:

- a. Fundargerð stjórnar DA frá 16.10.2015
- b. Fundargerð stjórnar Leigufélags Hvamms frá 16.10.2015
- c. Fundargerð 176. fundar HNE
- d. Aðalfundur Eyþings 2015 – ályktanir
- e. Samþykkt Menningaráðs Eyþings – fagráðs menningar
- f. Fundargerð svæðisráðs norðursvæðis Vatnajökulspjódgarðs frá 27.04.2015 og 25.10.2015

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10



Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag
9. nóvember milli kl. 11:00 og 12:00

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er.
Sími oddvita er 661 6292 og netfang arnor@thingeyjarsveit.is

Sveitarstjóri



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
29.10.2015
Fundargerð
179. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 29. október kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarrsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 22.10.2015
2. Stígamót – fjárbeiðni
3. Lánaheimild

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 22.10.2015

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 22. október s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í tveimur liðum.

1.liður fundargerðar; Svartárvirkjun í Bárðardal, aðal- og deiliskipulag. *Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að gerð verði krafa um vöktun óháðs eftirlitsaðila á rennsli árinna með tilliti til fiskigengdar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa samhlíða tillögu að deiliskipulagi og tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, að lokinni athugun Skipulagsstofnunar, eins og 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.*

2.liður fundargerðar; Vaglaskógur, deiliskipulag. *Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Stórarjódur og Hróarsstaðanes ásamt svæði umhverfis verslun í Vaglaskógi eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um þegar orðið hefur verið við athugasemdum nefndarinnar.*

Ragnar vék af fundi við afgreiðslu 1. liðar fundargerðar vegna vanhæfis.

2. Stígamót – fjárbeiðni

Fyrir fundinum liggur fjárbeiðni frá Guðrúnu Jónsdóttur, talskonu Stígamóta, dags. 7. október s.l. Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir samstarfi um reksturinn.

Erindinu hafnað þar sem Þingeyjarsveit hefur þegar samþykkt styrk til Aflsins á Akureyri, samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldis.

3. Lánaheimild

Yfirdráttarlán hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga tekið til afgreiðslu.



Kæru sveitungar

Í tilefni dagsins 5. nóvember langar mig að bjóða ykkur að eiga með mér kvöldstund í Brekku, laugardagskvöldið 7. nóv. Frá kl.20:00.

Reynir í Brekku



Félagsfundur.

Hestamannafélagið Þjálfi boðar til félagsfundar fimmtudaginn 12. nóvember klukkan 21 í Hafralækjarskóla. Fyrir fundinum liggur að taka ákvörðun um aðkomu félagsins að Grána ehf. Hvetjum við alla félagsmenn til að mæta svo sem best samstaða náist um málið.

Stjórn Hestamannafélagsins Þjálfá.

Jólamarkaður í skóginum.

Laugardaginn 12. desember n.k. er ætlunin að halda jólamarkað í Vaglskógi í samstarfi Skógræktar ríkisins á Vöglum og handverksfólks á svæðinu.

Handverksfólk og aðrir sem áhuga hafa á því að sýna og selja sínar vörur á markaðnum vinsamlegast hafið samband við Rúnar í síma/netfang [896-3112](tel:896-3112)/runar@skogur.is fyrir 20. nóvember n.k.

Skógrækt ríkisins Vöglum



Framhaldsaðalfundur Ferðamálasamtaka Þingeyjarsveitar

verður haldinn í Félagsheimilinu Breiðamýri
Þriðjudaginn 10. nóvember kl. 20.00.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Umræður um starfsemi félagsins.
Nýir félagar velkomnir

Stjórn Ferðamálasamtaka Þingeyjarsveitar

44.tbl.
5. nóvember
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Haustgleði Þingeyjarskóla

verður haldin að Ýdölum föstudaginn 6.nóvember og hefst klukkan 20:00.

Unglingadeild og 2.-3. bekkur setur upp leikritið Lína langsokkur byggt á sögu Astrid Lindgren.

Að leiksýningu lokinni verður dansleikur til miðnættis.

Miðaverð 1500 krónur fyrir fullorðna og krónur 500 fyrir börn á grunnskólaaldri utan skólasvæðis Þingeyjarskóla.

ATH.! Ekki er hægt að greiða með korti.

Allir hjartanlega velkomnir.
Nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla